



## **Aðalfundur 29. febrúar 2000**

### **haldinn á sal Fjölbrautaskóla Suðurnesja kl. 20:00.**

#### **Dagskrá:**

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.  
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar  
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
7. Lagabreytingar sbr. 7. Gr. og 10. Gr.

#### **Heiðursviðurkenningar**

##### **Verðlaunaafhending.**

Íþróttamenn deilda heiðraðir og síðan einn af þeim útnefndur  
ÍÞRÓTTAMAÐUR KEFLAVÍKUR 1999.

Kaffveitingar (umsjón foreldraf. Sunddeildar).

8. Kosinn formaður.
9. Kosnir 4 menn í stjórn.
10. Kosnir 3 menn í varastjórn.
11. Kosnir 2 endurskoðendur og einn til vara.
12. Kosning fastra nefnda sem aðalfundur ákveður.
13. Ákveðið félagsgjald og ævifélagagjald.
14. Önnur mál.
15. Fundarslit.



Skýrsla aðalstjórnar til aðalfundar

Verkaskipting og fundir

Einar Haraldsson	formaður	sat 19	fundi
Kári Gunnlaugsson	v.formaður	sat 19	fundi
Þórður Magni Kjartansson gjaldkeri	sat 18	fundi	
Birgir Ingibergsson	ritari	sat 14	fundi
Hildur Kristjánsdóttir	meðstjórnandi	sat 17	fundi
Ásdís Óskarsdóttir	varastjórn	sat 05	fundi
Örn S. Jónsson	varastjórn	sat 10	fundi
Sveinn Adólfsson	varastjórn	sat 16	fundi

Starfandi nefndir á vegum aðalstjórn:

<b>Ritnefnd:</b>	Einar Haraldsson, hefur verið tengiliður aðalstjórnar vegna þessa verkefnis.
Markmið:	Sjá um útgáfu fréttabréfs og jólablaðs.
<b>Samskiptanefnd:</b>	Skipuð einum fulltrúa úr hverri deild. Fulltrúi aðalstjórnar er Birgir Ingibergsson sem er formaður
Markmið:	Samræma ýmis mál er skarast milli deilda, t.d. agamál, systkinaafslætti, fjáraflanir, vörukaup o.fl.
<b>Laganefnd:</b>	Magnús Haraldsson, Daði Þorgrímsson og Gísli H. Jóhannsson
Markmið:	Viðhalda lögum félagsins.

Fjöldi Keflvíkinga sem annast ýmist störf fyrir sérsamböndin, ÍSÍ og UMFÍ

Þeir félagsmenn sem eru í nefndum eða sinna álíka störfum eru:

Ástráður Gunnarsson í stjórn KSÍ, Birgir Ingibergsson í landsliðsnefnd SSÍ, Einar Haraldsson í Þrastaskógarnefnd UMFÍ, Erla Sveinsdóttir ritari KKÍ, Inga Lóa Guðmundsdóttir varaformaður FSÍ, Kári Gunnlaugsson varamaður í dómstól KSÍ v/Reykjaness, Sigurbjörn Gunnarsson í stjórn UMFÍ, Skúli Skúlason mannvirkjanefnd ÍSÍ, Þórður Magni Kjartansson Gæðastjórn ÍSÍ.





## Stjórnarfundir

---

Alls hélt stjórnin 19 bókaða fundi á árinu. Þar fyrir utan sátu stjórnarmenn ýmsa vinnufundi í tengslum við verkefni ársins. Stjórnarmenn hafa líka skipt með sér verkum og verið tengiliðir við starfandi nefndir. Fastur fundartími aðalstjórna hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 18:00-19:30. Varafulltrúar hafa verið mjög duglegir að mæta á fundina eins og sjá má hér að framan, og hafa þau tekið virkan þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Það hefur líka verið ánægjulegt hversu viljugir varamenn hafa verið að taka að sér verkefni og hversu þeir eru vel meðvitaðir um framvindu mála hjá félaginu. Stjórnarfundir eru ætíð opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér það að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar á stjórnarfundum og samstarf innan stjórnarinnar gott.

## Formannafundir

---

Samkvæmt 24. grein í lögum félagsins skal eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári halda fundi með formönnum deilda félagsins. Formannafundirnir voru þrjár að þessu sinni og voru haldnir 10. mars, 26. ágúst 1999 og 15. febrúar 2000.

Á fundinn 10. mars kom afmælisnefndin sem skipuð var þeim Skúla Þ. Skúlasyni, Jóhanni B. Magnússyni og Gísla H. Jóhannssyni og kynnti hugmyndir afmælisnefndar. Forystumenn frá flestum deildum voru mættir og gerðu grein fyrir stöðu deila og helstu atriðum í starfseminni. Enn einu sinni urðu umræður um samræmdan utanyfir galla. Heimasiða félagsins var til umræðu.

Á fundinn 26. ágúst voru mættir forystumenn frá flestum deildum sem gerðu grein fyrir stöðu deilda og helstu atriðum í starfseminni. Formaður félagsins Skýrði frá ákvörðun afmælisnefndar um að haldið yrði myndarlegt afmælishóf þann 02. október 1999 í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Umræður um tímaúthlutun í íþróttamanvirkjum bæjarins. Umræður um jólablað Keflavíkur, aðal viðtöl verða tvö við þá Hafstein Guðmundsson og Sigurð Steindórsson. Deildir hvattar til að hafa félagatalið í lagi.

Á fundinn 16. febrúar 2000 voru mættir forystumenn frá öllum deildum sem gerðu grein fyrir stöðu deilda og helstu atriðum í starfseminni.

Formaður félagsins kynnti unglunga Landsmót UMFÍ sem haldið verður á Tálknafirði um verslunarmannahelgina 2000.

Litir félagsins kynntir, opunarhátíð Reykjaneshallar og íþróttahátíð ÍSÍ.

## Störf aðalstjórnar

---

Eins og undanfarin ár stóð félagið ásamt UMFN að dagskrá hátíðarhaldanna 17. Júní og var gerður samningur við bæjaryfirvöld um framkvæmdina. Einar, Kári og Örn báru hita og þunga af undirbúningnum hjá félaginu. Einar Haraldsson var framkvæmdastjóri 17. júní nefndar. Þetta verkefni er komið í tiltölulega fastar skorður og hafa umsjónarmenn okkar lagt ríka áherslu á gott samstarf við UMFN og þá aðila hjá bænum sem tengjast málinu.

Íþrótt- og leikjaskóli var starfræktur fimmta árið í röð með svipuðu sniði og áður. Skólastjóri hans var Einar Haraldsson. Mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning og framkvæmd skólans. Sú vinna skilaði sér í mikilli aðsókn og almennri ánægju foreldra. Strax að loknu starfinu sl. sumar var unnin vegleg skýrsla um starfsemina. Má geta þess að farið er að gera talsverðar kröfur til okkar eins og að koma til móts við fatlaða einstaklinga, þó er ljóst að huga þarf að þessu í undirbúningnum.

04. október 1999 sendi aðalstjórn félagsins bæjarstjórn Reykjaneshallar erindi um hugmyndir Keflavíkur um fyrirhugað félagsheimili félagsins við sundmiðstöðina við Sunnubraut og óskaði eftir viðræðum við bæjarstjórn Reykjaneshallar um byggingu félagsheimilis og félagsmiðstöðvar Keflavíkur.

Það er mikið áhyggjuefni hvað illa gengur að manna stjórnir deilda. Eftir að allar deildir félagsins höfðu haldið sína aðalfundi kom í ljós að félagið varð tveimur deildum fátækari. Ekki tókst að manna stjórn hjá IFA og Karatedeild og eru það ekki fāragsörðuleikar sem fæli fólki frá sem er eina helsta orsök fyrir brotthvarfi stjórnarmanna

Keflavík hefur sótt um til UMFÍ að halda Landsmót UMFÍ 2004.

## Útgáfumál

---





# KEFLAVÍK íþróttta og umgmenningafélag

Ársskýrsla 1999

Símaskrá félagsins var dreift á öll heimili í Keflavík með upplýsingum um stjórnir allra deilda, heimilisföngum og símanúmerum stjórnamanna. Deildir hafa aukið upplýsingar til foreldra með sjálfstæðum fréttabréfum og er það hið besta mál. Jólblaðið kom síðan út í desember og var stjórnin ánægð með útkomuna. Jólblaðið undirstrikaði viðtæka starfsemi félagsins. Bláinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ.

Einar Haraldsson framkvæmdastjóri félagsins hefur haft veg og vanda að útgáfu símaskrá og jólblaði félagsins.

Heimasíða félagsins á internetinu hefur verið til endurskoðunar. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, og allar deildir þess. Fundagerðir aðalstjórnar eru einnig inná heimasíðunni. Slóð heimasíðunnar er; [hppt://www.keflavik.is](http://www.keflavik.is) Keli Keflavíkingur hefur sannað gildi sitt, keli höfðar til barnanna enda eru þau framtíð félagsins.

## Bæjaryfirvöld

---

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Þau tækifæri sem félagið hefur haft til þess að bera upp erindi sín hefur verið vel tekið enda er bæjarfulltrúum vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í samfélaginu. Félagið hefur sent nokkur erindi á árinu, flest hafa fengið farsæla lausn. Erindi sem nú er til skoðunar hjá bæjaryfirvöldum er félagsheimili og félagsaðstað Keflavíkur. Reykjanesbær "Íþróttabær" er stefnumörkun sem þarf að endurspeglar sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda. Enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum ÍSÍ og menntamálaráðuneytisins.

## Framkvæmdastjóri

---

Ásdís Óskarsdóttir var í 50% starf, þó aðallega til að færa bókhald félagsins og þeirra deilda sem þess óskuðu fram að 31. mars 1999.

1. maí 1999 var Einar Haraldsson ráðinn í 100% starf sem framkvæmdastjóri Keflavíkur.

## Unglingalandsmót UMFÍ Tálknafirði 4.-6. Ágúst 2000

---

Aðalstjórn félagsins kynnti á formannafundi 15. febrúar 2000 unglíngalandsmót UMFÍ fyrir formönnum deilda félagsins, og hvatti hún formenn deilda að kynna þetta í sýnum deildum. Unglíngalandsmótið er nú haldið um verslunarmannahelgi og er það nýbreytni og stefna mótshaldara er að gera þetta að fjölskylduhátíð.

## 70 ára afmæli félagsins

---

29.09.1999 varð Keflavík íþróttta- og umgmenningafélag 70 ára. Það kann að hljóma undarlega að talað sé um 70 ára afmæli félagsins sem var sameinað 30. Júní 1994 af sex félögum, Ungmenningafélagi Keflavíkur, Knattspyrnufélagi Keflavíkur, Fimleikafélagi Keflavíkur, Skotfélagi Keflavíkur, Íþróttafélag Keflavíkur og Sundfélagið Suðurnes. Það var strax ákveðið að stofndagur elsta félagsins skildi vera stofndagur hins sameinaða félags sem var stofndagur Ungmenningafélags Keflavíkur.

Aðalstjórn skipaði afmælisnefnd en í henni sátu þeir Skúli Þ. Skúlason formaður, Jóhann B. Magnússon ritari og Gísli H. Jóhannsson meðstjórnandi einnig starfaði framkvæmdastjóri félagsins með nefndinni. Nefndin ásamt aðalstjórn félagsins sáu um undirbúning afmælisins. Afmælisins var minnst allt árið á þann hátt að deildir félagsins voru með mót í tilefni afmælisins. 2. október 1999 var öllum félagsmönnum bæjarbúum, og öðrum velunnurum félagsins boðið til stór glæsilegra sýningar sem skartaði 70 ára sögu félagsins sem sett var upp í íþróttahúsinu við Sunnubraut og

þyggja veitingar. Tveir einstaklingar voru heiðraðir fyrir sín störf í þágu hreyfingarinnar en það eru þeir Hafsteinn Guðmundsson og Sigurður Steindórsson. Búnir voru til fánar og barm merki í tilefni 70 ára afmælisins. Félaginu bárust nokkrar gjafir í tilefni dagsins.





## ÍRB

---

ÍRB einbeitti sér að samskiptum við íþróttaráð og einstökum verkefnum. Þar er líka nauðsynlegur samstarfsvettvangur til samræmingar milli félaganna. “Reykjanesbær á réttu róli” er þó víðamesta verkefni bandalagsins og íþróttahreyfingunni til sóma. Eitt stærsta vandamál ÍRB er Keilusalurinn í Keflavík, en bandalagið hefur tekið við eignum og skuldum Keilufélags Suðurnesja. Á síðasta þingi bandalagsins var kosin ný stjórn en þeir Hjálmar Árnason og Skúli Þ. Skúlason létu af störfum. Stjórn bandalagsins er skipuð Ólafi Thordersen formanni, Einari Haraldssyni varaformanni, Ásdísi Jakobsdóttur gjaldkera, Kristbiri Albertssyni ritara og Einari Guðberg meðstjórnanda, varamenn eru þeir Hafstein Ingibergsson og Jón Ólsen. Í hádeginu á gamlársdag síðastliðinn var valinn íþróttamaður Reykjanesbæjar 1999. Fyrir valinu varð Örn Ævar Hjartarson Gólfklúbbi Suðurnesja í öðru sæti Íris Edda Heimisdóttir sunddeild Keflavíkur og í þriðja sæti Falur Jóhann Harðarson körfuknattleiksdeild Keflavíkur.

### Badmintondeild

---

Stjórnin er skipuð Jóni Ingiber Kristjánssyni formanni, Sesselju Birgisdóttur varaformanni, Dagbjörtu Ýr Gylfadóttur gjaldkera, Jónasi Þorsteinssyni ritara og Dagbjörtu H. Guðmundsdóttur meðstjórnanda. Varamenn María Kristinsdóttir, Haukur Þórðarson og Vilborg Jóhannesdóttir. Viðar Guðjónsson varði Íslandsmeistaratitilinn í þriðja sinn í flokki öðlinga í tvíliðaleik. Deildin hélt öðru sinni árlegt Suðurnesjamarþon. Þrátt fyrir góðan undirbúning og gott hlaup var þátttakan mjög dræm enda veður slæmt. Deildin hefur tekið þá ákvörðun að skila af sér hlaupinu. Ólafur Jón Jónsson og Þorgerður Jóhannsdóttir eru í U-13.

### Fimleikadeild

---

Stjórnin er skipuð Ólöfu Sveinsdóttur sem formanni, Ólafi Ingibergssyni varaformanni, Karitas Sigurvinsdóttur gjaldkera, Unnur Guðmundsdóttir ritara og Sigríði H. Sigurðardóttur meðstjórnanda. Varastjórn, Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Oddný Leifsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Iðkendum hjá deildinni eru um 160 og starfsemin orðin mjög fastmótuð. Framfarir hafa verið stöðugar. Breyta b-salnum í fimleikasal og byggja gryfju við salinn er nú á dagskrá bæjaryfirvalda og er búið að samþykka 2 miljónir í hönnunarföngu. B-salurinn á vera tilbúinn á haustmánuðum 2001. Deildin tók þátt í ýmsum mótum og sýningum á árinu og er farin að setja mark sitt á starfsemi Fimleikasambands Íslands.

### Íþróttir fyrir alla

---

Stjórnin var skipuð Rúnari Helgasyni formanni, Gunnari Schram varaformanni, Guðmundi Sigurðssyni gjaldkera, Þuríði Árnadóttur ritara, varamenn Anna Marta Valtýsdóttir og María Ögmundsdóttir. Anna Lea Björnsdóttir og Guðmundur Sigurðsson hafa séð um gönguhóp deildarinnar sem hittist reglulega á vetrarbrautinni og eiga þau heiður skilið fyrir.

Það er skemmt frá því að segja að á auglýstan aðalfund deildarinnar var aðeins formaðurinn mættur ásamt formanni félagsins. Þar sem ekki var hægt að mynda stjórn þá liggur deildin í dvala á meðan. Því miður.

### Karatedeild

---

Stjórnin var skipuð Sigríði Pálsdóttur formanni, Þórarni Inga Ingasyni varaformanni, Bryndísi Sveinsdóttur gjaldkera, Ólöfu Elíasdóttur ritara og Arnari Skjaldarsyni meðstjórnanda. Varamenn Birna Björnsdóttir, Gunnar Þór Reynisson og Stefán Örn Sölvason. Æfingar voru í kjallara Sundmiðstöðvarinnar og íþróttahúsinu í Myllybakkaskóla. Aðstaða til



# KEFLAVÍK íþróttta og umgmenningafélag

Ársskýrsla 1999

æfinga er ágæt. Á auglýstan aðalfund deildarinnar mættu formaður og gjaldkeri deildarinnar ásamt formanni félagsins. Sigríður Pálsdóttir formaður deildarinnar skírði frá því að stjórninn gæfi ekki kost á sér og ekki hefði tekist að fá fólk í stjórn og auk þess væru þjálfaranir hættir. Eins og sjá má þá er staðan ekki glæsileg og liggur því karate deild í dvala. Því miður.

## Keiludeild

---

Stjórn deildarinnar er skipuð Ingaber Óskarssyni sem formanni, Sigurþóri Sævarssyni varaformanni, Heiðdísí Búadóttur gjaldkera, Ólafi Sólmundssyni ritara og Þorgrími Hálfánarsyni meðstjórnanda. Fjölgun varð í keiludeildinni þegar félagar úr Keilufélagi Suðurnesja kom inn í deildina er Keilufélag Suðurnesja var lagt niður. Keilusalurinn var leigður til einkaaðila nú í haust. Vonast deildin að salurinn verði opinn hér í frá eins og til stóð í upphafi. Deildin á fimm Íslandsmeistara. Farið var í æfinga og skemmtiferð til Orlando.

## Knattspyrnudeild

---

Formaður er Rúnar Arnarsson, Grétar Ólason varaformaður, Sævar Pétursson gjaldkeri, Þorsteinn Magnússon ritari og Steinbjörn Logason meðstjórnandi. Varamenn Guðmundur Sighvatsson, Elís Kristjánsson og Erlingur Hannesson. Allir flokkar okkar tóku þátt í þessum hefðbundnum mótum svo sem Íslandsmóti, Faxaflóamóti auk sérmóta. Tveir Keflvíkingar léku landsleiki á árinu sem voru jafnframt fyrstu landsleikir þeirra. Þetta eru þeir Haraldur Freyr Guðmundsson U18 og Jónas Sævarsson U16. Árangur meistaraflokks olli miklum vonbrigðum í sumar. Keflavík var með sameiginlegt lið í meistaraflokki og 2. flokki kvenna með Reynir Sandgerði og Víðir í Garði. Keflavík var með 3. 4. og 5. flokk kvenna sem tóku þátt í hinum ýsmu mótum og var árangurninn ágætur. Framkvæmdasamningur varðandi lagfæringar á æfingasvæðinu við Iðavelli er í fullum gangi. Með tilkomu Reykjaneshallarinnar horfa knattspyrnumenn framtíðina björtum augum og vonandi innan fárra ára verður Keflvísk knattspyrna á toppnum á ný.

## Körfuknattleiksdeild

---

Stjórnin er skipuð Birgi Bragasyni formanni, Sigtryggi Steinarssyni gjaldkera, Erlu Sveinsdóttur ritara, og Rúnari Georgssyni, meðstjórnendur Guðsveinn Ólafur Gestsson, Þorgrímur Árnason og Kristín Kristjánsdóttir sem sér um unglिंगastarf. Meistaraflokkur karla urðu Íslandsmeistarar, deildarmeistarar og eggjabikarmeistarar. Drengjaflokkur Íslands og bikarmeistarar. 8. flokkur kvenna Íslandsmeistarar. Minni bolti kvenna Íslandsmeistarar. Stúlknaflakkar bikarmeistarar. Árangur meistaraflokks Kvenna var ágætur en þær urðu í öðru sæti en það hefur ekki gerst í mörg ár en mikil breyting hefur verið á leikmanna hópi þeirra. Keflavík og Njarðvík stóðu fyrir helgarmóti fyrir yngstu keppendurna og tókst það vel. Keppendur voru héðan af Suðurnesjum, Reykjavík og Suðurlandi. Sameiginlegt lið Keflavíkur og Njarðvíkur tók þátt í Korac cup undir merkjum ÍRB. Reykjaneshær styrkti liðið til þátttöku. Starfsemi deildarinnar er mjög umfangsmikil. Deildinni vantar tilfinnalega meira af áhugasömu fólki til starfa fyrir deildina Deildin er með aðstöðu í kjallara sundmiðstöðvarinnar þar sem gögn og munir eru geymdir. Iðkenndur deildarinnar eru um 240 talsvert er af stúlkum en alls voru um 16 mismunandi flokkar sem kepptu undir merkjum Keflavíkur.

## Skotdeild

---

Stjórnin er skipuð Guðna Pálssyni formanni, Páli Guðmundssyni varaformanni, Árna Pálssyni gjaldkera Guðmundi Óskarssyni ritara og Guðmundi Guðlaugssyni meðstjórnanda. Varamenn Bjarni Kristmundsson og Þorsteinn Marteinnsson. Fjármál deildarinnar eru erfið eftir smáþjódaleikana 1997 sem fram fóru í Höfnum í Heiði og íþróttahúsinu í Njarðvík. Stjórn deildarinnar vinnur að því að koma fírhagnum í lag. Gengið var frá ríffilhúsi þannig





# KEFLAVÍK íþróttta og umgmenningafélag

Ársskýrsla 1999

að hægt sé að loka því, trapp og doobull trapp gryfju var lokað fyrir vatni og vindum. Tvö skotmót voru haldin á vegum deildarinnar fyrir STÍ. Aðstaða deildarinnar er einstök á landinu þó víða væri leitað.

Unnið er að því að fá svæði afhent sem æfinga og keppnissvæði deildarinnar.

## Sunddeild

Halldór Þórólfsson formaður, Einar Magnússon varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri Vilborg Reynisdóttir ritari og Jón Sigurðsson meðstjórnandi. Varamenn Heimir Sigursveinsson, Halldóra Magnúsdóttir og Sigríður Björnsdóttir.

Síðasta ár var mikið ferða ár hjá sunddeildinni. Farið var með A og B hóp til Frakklands. Árangur sunddeildarinnar á mótum hefur verið góður á árinu, og nokkrir sundmenn farnir að gera áberandi vart við sig. Á unglingsmóti KR. í mars sigraði Keflavík í stigakeppni mótsins, í júní sigraði lið Keflavíkur þriðja árið í röð stigakeppnina á AMÍ og í nóvember hafnaði lið Keflavíkur í þriðja sæti í Bikarkeppni Íslands. Deildin á 9 sundmenn í unglingslandslíði Íslands, einnig eignaðist deildin Norðurlandameistara unglings á árinu er Íris Edda Heimisdóttir sigraði í 200 metra bringusundi á glæsilegu stúlknameti. Það gæti farið svo að sunddeildin ætti tvo ólympíufara á Ólympíuleikana í Sídney Ástralíu. Þær Eydís Konráðsdóttir og Íris Edda Heimisdóttir eru að berjast við að ná lámörkum og lítið vantar uppá eða sekúndu eða sekúndubrot.

**Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins.**

### Íslandsmeistarar Keflavíkur 1999 - samkvæmt upplýsingum deilda.

#### **Sunddeild:**

Eydís Konráðsdóttir  
Magnús Sveinn Jónsson  
Eva Dís Heimisdóttir  
Sóley Margeirsdóttir  
Guðmundur Unnarsson  
Íris Edda Heimisdóttir  
Sunna Pétursdóttir  
Birgitta Rún Birgisdóttir  
Rúnar Már Sigurvinsson  
Grétar Þór Birgisson  
Sævar Örn Sigurjónsson  
Halldór Karl Halldórsson  
Elva Björg Margeirsdóttir  
Anika Rós Guðjónsdóttir  
Erla Magnúsdóttir  
Díana Ósk Halldórsdóttir  
Berglind Þorsteinsdóttir  
Þóra Björg Sigurþórsdóttir  
Róbert Birgisson  
Birkir Már Jónsson  
Unnur Birgitta Halldórsdóttir  
Jóhann Pétursson  
Bryndís Guðmundsdóttir  
Guðlaugur Guðmundsson  
Hróbjartur Sigríðarson  
Jón Gauti Jónsson  
Páll Ágúst Gíslason  
Hafþór Ægir Sigurjónsson

Sævar Magnús Einarsson  
Fannar Óli Ólafsson  
Garðar Eðvaldsson  
Jóhanna Pálsdóttir  
Einar Pétursson

#### *Þessir aðilar urðu*

#### *Íslandsmeistarar*

*Í 1-10 greinum.*

#### **Keiludeild:**

Íslandsmeistarar unglings.  
Ágúst Ingi Brynjarsson.  
Eiríkur A Björgvinsson.  
Sigurborg Haraldsdóttir

Íslandsmeistarar unglings.

Erla Lind Gunnarsdóttir 3.Fl.kv.  
Íris Dröfn Bjarnadóttir 4.Fl.kv.

Íslandsmeistari í opnum flokki skúlkna  
Íris Dröfn Bjarnadóttir.

#### **Fimleikar:**

#### **Íslandsmeistarar í skrufustiga**

Alda Kristinsdóttir.

Í 3. þrepi 15 ára og eldri í trampólíni





# KEFLAVÍK íþróttta og umgmenningafélag

Ársskýrsla 1999

Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir.

Í 2. þrepi 14 ára á gólfi og stökki.

Ásdís Ólafsdóttir.

Í 2. þrepi 13 ára á gólfi

Íslandsmeistari í Íslenska fimleikastiganum.

Anna Þóra Schram.

Í 4. þrepi 13-14 ára tvíslá-slá-gólf og samarlögðu.

-

## **Badmintondeild:**

Viðar Guðjónsson

Íslandsmeistari í tvíliðaleik öðlinga í þriðja sinn

## **Köfnattleiksdeild:**

Meistaraflokkur karla

Drengjaflokkur

8. flokkur kvenna

Minni bolti kvenna





# KEFLAVÍK íþrótt og umgennafélag

Ársskýrsla 1999